

Hópuppsagnir í desember 2012 og á árinu 2012

3.janúar 2013

Hópuppsagnir í desember 2012


Engar hópuppsagnir bárust Vinnumálastofnun í desember.

Tilkynningar á árinu 2012

Á árinu 2012 bárust 9 tilkynningar um hópuppsagnir, þar sem sagt var upp 293 manns. Flestir hafa misst vinnuna í samgöngum og flutningum í hópuppsögnum á árinu 2012, 107 eða um 37% allra hópuppsagna á árinu 2012.

Mynd 1


Tilkynntar hópuppsagnir eftir atvinnugreinum á árinu 2012



Um 84% hópuppsagna á árinu 2012 voru á höfuðborgarsvæðinu, 4% á Norðurlandi vestra og 12% á Norðurlandi eystra eins og fram kemur á mynd 2 hér að neðan.

Mynd 2


Skipting hópuppsagna eftir landshlutum á árinu 2012



Á mynd 3 má sjá að 124 þeirra hópuppsagna sem tilkynnt var um á árinu 2012 komu til framkvæmda á því ári en 169 á árinu 2013, þar af 95 í janúar 2013.

Mynd 3

Hvenær hópuppsagnir sem tilkynntar voru árið 2012 koma til framkvæmda



Í töflu 1 má sjá hvernig hópuppsagnir sem tilkynntar voru á árinu 2012 dreifðust á mánuði og hve mörgum var sagt upp í hverjum mánuði með hópuppsögnum. Engar hópuppsagnir voru tilkynntar í janúar, mars, apríl, maí, júní, ágúst og desember.

Tafla 1. Hvenær tilkynningar um hópuppsagnir á árinu 2012 bárust


	<u>Uppsagnir</u>		<u>Tilkynningar</u>	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
jan.	0	0	0	0
feb	21	7%	1	11%
mars	0	0	0	0
apríl	0	0	0	0
maí	0	0	0	0
júní	0	0	0	0
júlí	80	27%	2	22%
ágúst	0	0	0	0
sept.	31	11%	1	11%
okt.	105	36%	2	22%
nóv.	56	19%	3	34%
des.	0	0	0	0
<i>Alls</i>	<i>293</i>	<i>100%</i>	<i>9</i>	<i>100%</i>

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2012

Alls komu 364 hópuppsagnir til framkvæmda á árinu 2012, um 124 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2012 en um 240 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2011. Á mynd 4 má sjá hve margar hópuppsagnir komu til framkvæmda í hverjum mánuði á árinu 2012

Mynd 4

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2012 úr tilkynningum
sem bárust í lok árs 2011 og á árinu 2012



Samtals hefur 8.650 manns verið sagt upp í hópuppsögnum á 5 árum. Á mynd 5 má sjá að flestir misstu vinnuna í hópuppsögnum árið 2009 eða 4.246 manns. Flestir misstu vinnuna á þriggja mánaða tímabili frá desember 2008 til febrúar 2009 og svo næstu 3 mánuði þar á eftir.

Mynd 5

Fjöldi hópuppsagna til framkvæmda eftir árum 2008-2013

